

Bandalag íslenskra leikfélaga  
Ársvit 2022



Útgefandi:

Bandalag íslenskra leikfélaga

Kt. 440169-0239

Kleppsmýrarvegi 8

104 Reykjavík

Sími: 551 6974

Netfang: [info@leiklist.is](mailto:info@leiklist.is)

Veffang: [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is)

Ritsjórn og ábyrgðarmenn:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga

Uppsetning efnis:

Hörður Sigurðarson

Prófarkalestur:

Stjórn BÍL

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Mosfellsveitar á Stúart litla.

# Efnisyfirlit

---

Kveðja frá skólastýrum	4
Aðildarfélög 2020-2021	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga	8
Skýrsla skólanefndar	11
Verkefni aðildarfélaga BÍL	12
Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2022	22
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	24
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	27
Framhaldsaðalfundur	35
Ársreikningur 2021	38
ALLT FYRIR ANDANN	48
Menningarstefna Bandalags íslenskra leikfélaga	49
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	50
Um BÍL	54
Svipmyndir úr sýningum leikársins	55



## Kveðja frá skólastýrum



Árið 2007 mættum við að Húsabakka í Svarfaðardal, í fyrsta sinn sem skólastjórar leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Það var mikill heiður – að taka við af þeim dásamlegu konum Gunnhildi Sigurðardóttur og Sigríði Karlsdóttir sem höfðu stýrt skólanum farsælega frá upphafi í heil 10 ár með einstakri elju, alúð, metnaði og myndarbrag. Og þetta var sérstök upplifun – árið áður vorum við áhyggjulausir nemendur sem treystum á að séð yrði um okkur en þarna áttum við að sjá til þess að allir fengju að nema og njóta! Hvernig myndi þetta nú ganga!? Sem betur fer er þessi skóli eitt allsherjar töfrayfirbæri – það lærist fljótt að best er að stjórna sem minnst og styðja sem mest – þá gengur þetta barasta eins og í bestu leiklistarskólasögu!

Við höfum lagt okkur fram um að viðhalda og þróa áfram þá námskrá sem mótuð var í upphafi skólastarfsins. Á þeim 25 árum sem skólinn hefur verið rekinn hefur tekist að bjóða samfelldar námslotur í leiklist, leikstjórn og leikritaskrifum með áherslu á fjölbreytta nálgun og aðferðir. Auk þess höfum við boðið upp ýmis námskeið önnur, svo sem í förðun, leikgervum, búningum, leikmynd og ljósum. Þá tókum við upp þá nýbreytni að bjóða höfundum vinnuaðstöðu til að skerpa sköpunargáfuna.

Við minnumst flutningana frá Húsabakka að Húnavöllum og svo þaðan að Reykjaskóla í Hrótafirði. Við höfðum áhyggjur af því hvort skólinn myndi yfirleitt þrífast annars staðar en á fæðingarstað sínum í Svarfaðardalnum en um leið voru allir spenntir að aðlagast nýjum aðstæðum. Og skólaandinn flutti sem betur fer alltaf með okkur.







Þessi líka ótrúlegi skólaandi. Við munum allt frá undirbúningi til skólasetningar og að skólaslitum ár hvert, við munum busavígslur, bandaleika, brekkuferðir, óvissuferðir, kvöldvökur, boltakeppnir, spunaleiki, spurningakeppnir, gúrkuspil, söng, samtöl, vöflubakstur, fjallkonur, fjallgöngur, skrúðgöngur og svo mætti lengi telja. Hvert ár með sínu sniði.

Árið 2022 þegar við vorum að stýra skólanum í 15. skipti tókum við þá ljúfsáru ákvörðun að hætta! Það sem stendur upp úr eftir öll þessi ár er allt það góða fólk sem við höfum kynnst og unnið með. Við þökkum stjórn Bandalagsins, skólanefndarfólki og framkvæmdarstjórum Bandalagsins fyrir að vinna með okkur að skipulagi skólans hvert ár. Við þökkum staðarhöldurum og starfsfólki á hverjum stað fyrir alla þolinmæðina og lipra og góða þjónustu. Við þökkum öllum þeim frábæru kennurum sem mótað hafa þetta metnaðarfulla skólastarf. Og síðast en ekki síst þökkum við þeim fjölbreytta og flotta hópi nemenda sem tryggja að skólinn blómstri og batni með hverju árinu sem líður.

Þetta hefur verið frábær tími, stundum krefjandi en alltaf ótrúlega gefandi og skemmtilegur. Við kveðjum með stolti, gleði í hjarta og smá söknuði í sálinni. Um leið óskum við nýjum skólastjórum alls hins besta.

**Dýrleif og Hrefna**

*Pistill ársritsins er frá fráfarandi skólastýrum Leiklistarskóla BÍL, Dýrleifu Jónsdóttur og Hrefnu Friðriksdóttur sem létu af störum í sumar eftir 15 ára starf. Hafi þær þökk fyrir fömfýsina, dagnaðinn og innblásturinn sem þær veittu nemendum og kennurum í þessu einstaka skólastarfi. Við starfinu taka Friðjón Elli Hafliðason og Jónheiður Ísleifsdóttir og víst er að andi fyrrum stjórnenda skólans mun fylgja þeim í starfi.*

## Aðildarfélög 2020-2021

*Freyvangsleikhúsið*

*Halaleikhópurinn*

*Leikdeild UMF Skallagríms*

*Leikfélag Blönduóss*

*Leikfélag Dalvíkur*

*Leikfélag Fjallabyggðar*

*Leikfélag Fljótsdalshéraðs*

*Leikfélag Hafnarfjarðar*

*Leikfélag Hofsóss*

*Leikfélag Hornafjarðar*

*Leikfélag Hólmavíkur*

*Leikfélag Hveragerðis*

*Leikfélag Hörgdæla*

*Leikfélag Keflavíkur*

*Leikfélag Kópavogs*

*Leikfélag Mosfellssveitar*

*Leikfélag Neskaupstaðar*

*Leikfélag Rangæinga*

*Leikfélag Sauðárkróks*

*Leikfélag Selfoss*

*Leikfélag Seyðisfjarðar*

*Leikfélag Sólheima*

*Leikfélag Vestmannaeyja*

*Leikfélag Ölfuss*

*Leikfélagið Borg, félagasamtök*

*Leikfélagið Grímnir*

*Leikfélagið Hugleikur*

*Leikfélagið Órion, félagasamtök*

*Leikfélagið Sýnir*

*Leikflokkur Húnaþings vestra*

*Leikhópurinn Lopi*

*Litli leikklúbburinn*

*Skagaleikflokkurinn*

*Stúdentaleikhúsið*

*Ungmennafélag Biskupstungna*

*Ungmennafélag Gnúpverja*

*Ungmennafélag A-Eyfellinga*

*Ungmennafélag Reykdæla*

*Ungmennafélagið Dagrenning*

*Ungmennafélagið Efling*

## Stjórn, starfsfólk og nefndir




*Meðstjórnandi  
Anna María Hjálmarsdóttir  
Akureyri*



*Varaformaður  
Ólív Þórðardóttir  
Reykjanesbæ*



*Formaður  
Guðfunna Gunnarsdóttir  
Selfossi*



*Ritari  
Gísli Björn Heimisson  
Reykjavík*



*Meðstjórnandi  
Jónheiður Ísleifsdóttir  
Selfossi*



*Varastjórn  
Magnþóra Kristjánsdóttir  
Þorlákshöfn*




*Varastjórn  
Anna Margrét Pálsdóttir  
Kópavogi*




*Varastjórn  
Brynja Ýr Júlíusdóttir  
Reykjanesbæ*



*Varastjórn  
Sigrún Tryggvadóttir  
Hafnarfirði*



*Varastjórn  
Þófríður S. Þórarinsdóttir  
Neskaupsstað*



*Ráðgjafi og hjálparhella  
Vildborg Árný Valgarðsdóttir  
Kópavogi*



*Frankvæmdastjóri  
Hörður Sigurðarson  
Reykjavík*



*Skráning leikríta  
Erla Vilhjálmsdóttir  
Reykjavík*



*Skráning leikríta  
Ármann Guðmundsson  
Reykjavík*



*Skólanefnd  
Hrunn Ólafsdóttir  
Reykjavík*



*Skólastýra  
Dýrleif Jónsdóttir  
Reykjavík*



*Skólastýra  
Hrefna Friðriksdóttir  
Reykjavík*



*Skólanefnd  
Herdís Þorgeirsdóttir  
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd  
Gísli Björn Heimisson  
Reykjavík*



# Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga

Flutt á aðalfundi í Keflavík 30. apríl 2022

## I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður  
Ólöf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður  
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, ritari  
Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi  
Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Anna Margrét Pálsdóttir, Þórfríður Þórarinsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir og Brynja Ýr Júlíusdóttir.

Framkvæmdastjóri í þjónustumiðstöð er Hörður Sigurðarson. Starfsmaður á skrifstofu var Erla Hrönn Vihjálmsdóttir. Hún hefur starfað hjá okkur í hlutastarfi við handritasafn og önnur tilfallandi verkefni á þjónustumiðstöð.

Stjórn hélt fjóra starfsfundi á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Reykjanesbæ í maí og þrjá í þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík. Fjarfundarbúnaður var eðlilega notaður sem og hópsamskipti til að leysa úr ýmsum úrlausnarefnum.

Er stjórn og skólanefndarfolki þökkuð góð samvinna á árinu og Herði framkvæmdastjóra er einnig þakkað fyrir frábært samstarf.

## II. Starfsemi félaganna

15 félög sendu inn styrkumsókn vegna 32 leiksýninga og leikþátta og 23 námskeiða. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 432.000 kr. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári, en það er að lifna við. Félögin í Bandalaginu voru í vor 37 talsins.

## III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnnum. Þessi setning er fasti í skýrslu stjórnar því miður. Framkvæmdastjóri hefur verið mjög útsjónarsamur og leitað ýmissa leiða til að lækka almennan rekstrarkostnað.

Unnið hefur verið að endurnýjun og betri skönnun á handritasafninu okkar, en safnið sem er það eina og stærsta á landinu er gríðarlega mikilvægur hluti af okkar rekstri. Framkvæmdastjóri ásamt stjórnarfólkinu Gísla og Jónheiði voru sett í nefnd þar sem skoða á leiðir til að útvíkka safnið og hanna það áfram.

Framkvæmdastjóri fundaði með forsvarsfólki Rithöfundasambandsins og Borgarbókasafnsins um að bjóða leikrit úr okkar safni til láns í Rafbókasafninu. Líklegt er að við þurfum að gera sérstakan samning við Rithöfundasambandið til að verða einhverskonar birgir fyrir Borgarbókasafnið hvað leikrit varðar. Þarna gæti verið sóknarfæri fyrir okkur þar sem Borgarbókasafnið er væntanlega tilbúið að greiða árgjald fyrir aðgang að leikritum frá okkur.

Eftir úthlutun styrkja til félaganna sat eftir upphæð sem fór í húsnæðissjóðinn góða. Við skoðuðum eina fasteign, en ákváðum að bíða með fasteignakaup og fylgjast vel með húsnæðismarkaði áfram. Rekstur þjónustumiðstöðvar þarf að vera stöðugur og við þurfum að sjá fram á að fjármálastaðan sé góð áður en við festum okkur í húsnæði. Við þurfum að hafa efni á að eiga hús og reka það. Hver kannast ekki við slíkar þælingar. Á meðan bíður sjóðurinn, ekkert liggur á.

Salan í búðinni okkar góðu hefur farið niður á við undanfarin 10 ár, en það má skýra með aukinni netverslun og fækkun félaga meðal annars. Hins vegar erum við að selja mikla gæðavöru og við getum öll hjálpast að við að auglýsa búðina sem víðast á netinu.

Við erum komin með Instagramreikning og getum nýtt hann til að koma boðskapnum sem víðast, endilega fylgið og deilið. Einnig nýtast miðlarnir okkar sem ókeypis auglýsing fyrir verkefnið ykkar. Eina sem þið þurfið að gera er að senda okkur fréttir og myndir.

Stöðug vinna er við vefinn okkar leiklist.is. Vefurinn er löngu orðinn aðalstjórnartæki og þungamiðja í starfsemi þjónustumiðstöðvar og líklegt að það aukist næstu árin. Vefurinn var upphaflega settur á stofn til að birta fréttir af starfsemi félaganna og þjónustumiðstöðvar en notkunargildi hans er löngu orðið margfalt meira en það. Vefurinn er tæki fyrir skipulag og upplýsingagjöf og samskipti fyrir fjölmargt sem ekki er kannski sýnilegt utanaðkomandi. Vefverslunin verður sífellt umfangsmeiri en bein sala á staðnum hefur að sama skapi minnkað. Þá nýtist vefurinn stjórn og nefndum á beinan hátt með ýmiskonar upplýsingagjöf, fundargerðum o.fl. Vefurinn er síðan gátt fyrir félögin til að senda inn umsóknir og upplýsingar af ýmsu tagi, t.d. umsóknir fyrir ríkisstyrk og Athyglisverðustu áhugaleiksyninguna, upplýsingar um nýjar stjórnarmenn, umsóknir nemenda í Leiklistarskólann, Leikstjórastjórn o.fl.

Um skólann góða mun Hrefna skólastýra fjalla í skýrslu hér á eftir.

### ***Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.***

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar var framlagið 6,5 milljónir árið 2020 og hækkaði upp í 7 milj. kr. árið 2021 samkvæmt samningi og á að hækka sem nemur hálfri milljón á ári skvt. munnlegu loforði. Rekstrarsamningurinn rann út síðastliðin áramót og hefur ekki enn verið gengið frá framlengingu á honum þó ráðuneytið fullvissi okkur um að svo verði. Umfangsmiklar breytingar á skipan ráðuneyta hefur aðallega valdið þessum drætti á að ganga frá nýjum samningi. Þjónustumiðstöð hefur fengið um hálfu milljón á mánuði upp í nýjan samning sem heldur okkur á floti en brýnt er þó að gengið verði frá samningi sem fyrst.

### ***Halda leiklistarhátíð í tengslum við aðalfund 2022, vegna 70 ára afmælis BÍL.***

Við máttum það svo að félögin væru að einbeita sér að koma á almennu starfi á ný eftir þurratíð undanfarinna tveggja ára og settum þennan lið á ís. Það er ekkert því til fyrirstöðu að leggja slíka hátíð til fyrir næsta fund.

## **IV – Önnur mál**

Erlent samstarf. Venju fremur reynum við að fylgjast með og mögulega taka þátt í erlendu samstarfi eins og kostur er. Við leggjum mesta áherslu á samstarf í NEATA, þar sem Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin eru í samstarfi. Þar hefur verið fundað mikið á netinu og vonir standa til að næsta NEATA hátíð verði haldin í Svíþjóð, Örebro nánar tiltekið núna í september. Það sem er spennandi við þá hátíð eru að hugmyndin er að þar verði stuttverkahátíð og vona ég innilega að okkar leikfélög taki þátt. Noregur er svo með næstu NEATA hátíð 2024.

Stjórn NEATA hefur nýverið fengið styrk til að styðja við samskiptanet aðildarlandanna. Styrkurinn mun gera kleift að halda 3 fundi í holdinu í þremur mismunandi löndum. Fundir eru áætlaðir í Litháen í nóvember á þessu ári, Danmörku í apríl og á Íslandi í september 2023.

Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur starf NEATA á nýrri vefsíðu neata.eu. Við sendum ekki fulltrúa á AITA/ IATA hátíð alþjóðaleikhússambandsins í Mónakó sem haldin var í fyrra, en fengum fulltrúa til að halda á atkvæðinu okkar.

Unnið hefur verið í samstarfsverkefni ungmenna (Nordic Masterclass) og er búið að senda inn umsóknir um styrki til þess. Ef af verður er mögulegt að hluti verkefnisins fari fram hér á landi.

Bændablaðið hefur haldið starfsemi áhugaleikfélaga á lofti undanfarið ár með viðtölum og umfjöllun um starfsemina sem er frábært. Meira svona.

Við tókum þátt í World Theatre Day 27. Mars með NEATA löndunum í myndbandi þar sem börn töluðu um leiklist.

Það er einkar gleðilegt að sjá leiklistarstarf lifna við, sérstaklega nú á vormánuðum. Það þarf kraft og þor til að hefja starfið að nýju eftir hlé. Við hvetjum ykkur til að halda áfram. Hittast, skapa, skoða, hlæja og vera saman. Við þurfum á leiklist að halda hvar sem við er komið.

Það er hins vegar einkar ömurlegt að fylgjast með sterkum, rótgrónum leikfélögum sem hafa haft mikil áhrif á sitt nærumhverfi, alið upp áhorfendur og iðkendur, farið með stórgóðar sýningar á leiklistarhátíðir erlendis við mjög góðan orðstí, virkjað sköpunarkraft sinna félagsmanna og skapað nýjar leikhúshéðir og fyllt leikritasafnið okkar af nýjum allskonar leikverkum, vera sett út í kuldann í sínum sveitarfélögum, að skynja algjört skilningsleysi á hvernig þessi félög virka og hversu frábær þau eru og hversu mikilvæg þau eru fyrir menningarstarfsemi og nú segi ég það bara, á höfuðborgarsvæðinu, en þar er eitthvað skrytið í gangi, vonandi ekki víðar. Ég gæti fyllt heilt leikhús af fólki sem hefur haft yndi af að taka þátt í þeirra félagsstarfi sem iðkendur eða áhorfendur, ég gæti líka sett upp stóra sýningu með fólki sem hefur alist upp í þessum félögum og farið áfram til starfa í leiklist, innan sviðs sem utan. Þurfum við kannski öll að bera vitni, taka upp myndbönd og senda út, tagga allt í drasl, hvað getum við gert? Það vonandi náum við góðu samtali um hér á eftir í málstofu um stöðu leikfélaganna. Þar getum við deilt reynslu okkar, fengið góð ráð um hvaðeina sem er að plaga ykkur, hvort sem það varðandi húsnæði, mönnun, fjármál og fleira.

Við í stjórninni og okkar góði framkvæmdastjóri erum ávallt til skrafs og ráðagerða ef eitthvað er.

Megi leiklistarsólin skína ykkar megin í lífinu. Að skapa er að vera.

**F.h. stjórnar BÍL**  
**Guðfinna Gunnarsdóttir**



# Skýrsla skólanefndar

## Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 30. apríl 2022

Á liðnu starfsári sátu í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, formaður, Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.



Eins og kunnugt er var fyrirhugað skólastarf leiklistarskólans að Reykjum fellt niður sumarið 2020 vegna Covid-19. Tekin var ákvörðun um að bjóða samskonar námskeið sumarið 2021.

Haustið 2020 hófst ánægjulegt samstarf við Þjóðleikhúsið um námskeiðahald og í september sl. var haldið eitt hljóðnámskeið og eitt ljósanámskeið. Lauslega hefur verið rætt um frekara samstarf sem verður spennandi að fylgja eftir þegar færi gefst.

Við erum mjög bjartsýn á að hefðbundið skólastarf að Reykjum verði að veruleika í sumar, nánar tiltekið frá 19.-27. júní. Eins og áður sagði er stefnan tekin á sömu námskeið og átti að halda 2020, en þó með nýjum kennurum í einhverjum tilvikum vegna forfalla. Árið 2021 er því boðið upp á fjögur fjölbreytt námskeið:

1. Leiklist II - kennari Ólafur Ásgeirsson. Skráðir eru 16 nemendur.
2. Bak við tjöldin II - kennarar Eva Björg Harðardóttir og Ingvar Guðni Brynjólfsson. Skráðir eru 10 nemendur.
3. Leikstjórn I - kennari Vala Fannell. Skráðir eru 10 nemendur.
4. Sérnámskeið um leikarann sem skapandi listamann - kennari Rúnar Guðbrandsson. Skráðir eru 16 nemendur.

Þegar fjöldi umsókna lá fyrir var ákveðið að bjóða einnig nokkur pláss laus fyrir höfunda í heimsókn.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólastarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýja kennara. Hlökkum mikið til að hefjast aftur handa og njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

**F.h. Skólanefndar, Hrefna Friðriksdóttir  
Dýrleif Jónsdóttir flutti skýrsluna á aðalfundi.**

## Verkefni aðildarfélaga BÍL



### Leikflokkur Húnaþings vestra

#### *Pétur Pan*

Höfundur: J.M. Barrie  
Þýðandi: Karl Ágúst Úlfsson  
Leikstjóri: Greta Clough  
Þátttakendur: 3  
Áhorfendur: 336

#### *Grease*

Höfundur: Jim Jacobs og Warren Casey  
Þýðandi: Veturliði Guðnason  
Leikstjóri: Brynja Ýr Júlíusdóttir  
Þátttakendur: 10  
Áhorfendur: 831

### Leikfélag Keflavíkur

#### *Fyrsti kossinn*

Höfundur: Brynja Ýr Júlíusdóttir og Guðlaugur Ómar Guðmundsson  
Leikstjóri: Karl Ágúst Úlfsson  
Þátttakendur: 24  
Áhorfendur: 2202





## **Leikfélag Hafnarfjarðar**

### ***Auður Djúpúðga***

Höfundur: Stefanía Elísabet Hallbjörnsdóttir

Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir

Þátttakendur: 1

Áhorfendur: 20

### ***Tilbrigði við krossgötur vonar***

Höfundur: Ólafur Þ. Þórðarson

Leikstjóri: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir

Þátttakendur: 1

Áhorfendur: 20

### ***Straumlína***

Höfundur: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir

Leikstjóri: Gísli Björn Heimisson

Þátttakendur: 1

Áhorfendur: 20

### ***Sirry***

Höfundur: Ársæll Hjálmarsson

Leikstjóri: Kjartan Galdrakarl Rúnarsson

Þátttakendur: 1

Áhorfendur: 20

### ***Molakaffi***

Höfundur: Halldór Magnússon

Leikstjóri: Steinunn Þorsteinsdóttir

Þátttakendur: 1

Áhorfendur: 20



### ***Framboðið***

Höfundur: Sigrún Tryggvadóttir

Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson

Þátttakendur: 1

Áhorfendur: 20

### ***Dánardægur***

Höfundur: Gísli Björn Heimisson

Leikstjóri: Viktor Ingi Jónsson

Þátttakendur: 2

Áhorfendur: 70



### **Í alvöru!**

Höfundur: Viktor Ingi Jónsson  
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Fögnum í kvöld**

Höfundur: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Leikstjóri: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Alltaf sama sagan**

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Steinsmiðjan**

Höfundur: Loftur S. Loftsson  
Leikstjóri: Þórarinn Stefánsson  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Ferðamaður deyr**

Höfundur: Höfundasmiðja Leikfélags  
Hafnarfjarðar  
Leikstjóri: Ólafur Þ. Þórðarson  
Þátttakendur: 6  
Áhorfendur: 156



### **Freyvangsleikhúsið**

#### **Smán**

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Leikstjóri: Sindi Swan  
Þátttakendur: 9  
Áhorfendur: 230

#### **Kardemommubærinn**

Höfundur: Thorbjorn Egner  
Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson  
Þátttakendur: 24  
Áhorfendur: 2400





## Hugleikur

### *Millimál*

Höfundur: Þórarinn Stefánsson  
Leikstjóri: Þórarinn Stefánsson  
Þátttakendur: 1  
Áhorfendur: 15

### *Kveðjustund*

Höfundur: Ásta Gísladóttir  
Leikstjóri: Dýrleif Jónsdóttir  
Þátttakendur: 1  
Áhorfendur: 15

### *Biðstöð*

Höfundur: Loftur S. Loftsson  
Leikstjóri: Loftur S. Loftsson  
Þátttakendur: 1  
Áhorfendur: 15

### *Profundus inferni*

Höfundur: Ásta Gísladóttir  
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir  
Þátttakendur: 1  
Áhorfendur: 15

## Verk að vinna

Höfundur: Þórarinn Stefánsson  
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason  
Þátttakendur: 1  
Áhorfendur: 15

### *Dánardægur*

Höfundur: Gísli Björn Heimisson  
Leikstjóri: Viktor Ingi Jónsson  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### *Í alvöru!*

Höfundur: Viktor Ingi Jónsson  
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70



### **Fögnum í kvöld**

Höfundur: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Leikstjóri: Oddfreyja H. Oddfreysdóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Alltaf sama sagan**

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Steinsmiðjan**

Höfundur: Loftur S. Loftsson  
Leikstjóri: Þórarinn Stefánsson  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70



### **Ár og öld**

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Nanna Vilhelmsdóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 50

### **Máltaka**

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Guðmundur Erlingsson  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 50



### **Kveðjustund**

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 50

### **Sambekkingar**

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Hrefna Friðriksdóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 50

### **Gilítrutt**

Höfundur: Þórunn Guðmundsdóttir  
Leikstjóri: Þorgeir Tryggvason  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 50





### ***Þorrapáttur***

Höfundur: Loftur S. Loftsson  
Leikstjóri: Dýrleif Jónsdóttir  
Þátttakendur: 1  
Áhorfendur: 15

### **Leikfélag Selfoss**

#### ***Beint í æð!***

Höfundur: Ray Cooney  
Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson  
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson  
Þátttakendur: 12  
Áhorfendur: 505



### **Leikfélag Hornafjarðar**

#### ***Hvert örstutt spor***

Höfundur: Stefán Sturla Sigurjónsson  
Leikstjóri: Stefán Sturla Sigurjónsson  
Þátttakendur: 7  
Áhorfendur: 391

### **Leikfélag Hörgdæla**

#### ***Í fylgd með fullorðnum***

Höfundur: Pétur Guðjónsson  
Leikstjóri: Pétur Guðjónsson  
Þátttakendur: 20  
Áhorfendur: 2223



#### ***Maðurinn og Lirfan***

Höfundur: Matthías Tryggvi Haraldsson  
Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir  
Þátttakendur: 15  
Áhorfendur: 80







## Leikfélag Sauðárkróks

### *Ronja ræningjadóttir*

Höfundur: Astrid Lindgren

Þýðandi: Þorleifur Hauksson

Leikstjóri: Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

Þátttakendur: 11

Áhorfendur: 590

### *Nei ráðherra*

Höfundur: Ray Cooney

Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson

Leikstjóri: Jól Ingí Sæmundsson

Þátttakendur: 13

Áhorfendur: 718



## Leikfélag Mosfellssveitar

### *Ó María*

Höfundur: María Guðmundsdóttir og fleiri

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Þátttakendur: 7

Áhorfendur: 350



### *Stúart litli*

Höfundur: E.B. White

Leikstjóri: Elísabet Skagfjörð

Þátttakendur: 5

Áhorfendur: 350





## Leikfélag Hólmavíkur

### *Bót og betrun*

Höfundur: Michael Cooney  
Þýðandi: Hörður Sigurðarson  
Leikstjóri: Sigurður Líndal Þórisson  
Þátttakendur: 5  
Áhorfendur: 305

## Leikfélag Sólheima

### *Dýrin í Hálsaskógi*

Höfundur: Thorbjorn Egner  
Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir  
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson  
Þátttakendur: 6  
Áhorfendur: 636



## Leikfélag Fjóttsdalshéraðs

### *Tom, Dick og Harry*

Höfundur: Michael Cooney  
Þýðandi: Hörður Sigurðsson  
Leikstjóri: Ármann Guðmundsson  
Þátttakendur: 9  
Áhorfendur: 1100

## Leikdeild UMF Skallagríms

### *Slá í gegn*

Höfundur: Guðjón Davíð Karlsson  
Leikstjóri: Elfar Logi Hannesson  
Þátttakendur: 10  
Áhorfendur: 50







### Leikdeild UMF Biskupstungna

#### *Ef væri ég gullfiskur*

Höfundur: Árni Ibsen  
Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson  
Þátttakendur: 12  
Áhorfendur: 626

### *Dánardægur*

Höfundur: Gísli Björn Heimisson  
Leikstjóri: Viktor Ingi Jónsson  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### Leikfélag Kópavogs

#### *Rúi og Stúi (enduruppsetning)*

Höfundur: Örn Alexandersson og Skúli Rúnar Hilmarsson  
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson  
Þátttakendur: 8  
Áhorfendur: 320



### *Í alvöru!*

Höfundur: Viktor Ingi Jónsson  
Leikstjóri: Ingveldur Lára Þórðardóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Fögnum í kvöld**

Höfundur: Oddfreyja Oddfreysdóttir  
Leikstjóri: Oddfreyja Oddfreysdóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70



### **Alltaf sama sagan**

Höfundur: Sigríður Lára Sigurjónsdóttir  
Leikstjóri: Ásta Gísladóttir  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70



### **Steinsmiðjan**

Höfundur: Loftur S. Loftsson  
Leikstjóri: Þórarinn Stefánsson  
Þátttakendur: 2  
Áhorfendur: 70

### **Stúdentaleikhúsið**

#### **Vafin**

Höfundur: Samsköpunarverk leikhópsins  
Leikstjóri: María Jóngerð Gunnlaugsdóttir  
Þátttakendur: 7  
Áhorfendur: 120



### **Leikfélag Vestmannaeyja**

#### **10 litlir Eyjapeyjar**


Höfundur: Agatha Cristie  
Þýðandi: Hildur Kalmann  
Leikstjóri: María Sigurðardóttir  
Þátttakendur: 6  
Áhorfendur: 280



#### **Síðan eru liðin mjörg ár**

Höfundur: Leikhópur  
Leikstjóri: Leikhópur  
Þátttakendur: 4  
Áhorfendur: 330





## Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins 2022

Val á Athyglisverðastu áhugaleiksýningu ársins fór ekki fram árin 2020 og 2021 af völdum Covid. Úr því bætt að hluta með vali á tveimur sýningum í ár sem Athyglisverðustu áhugaleiksýningum ársins,

Fyrir valinu urðu Pétur Pan hjá Leikflokki Húnaþings vestra og Fyrsti kossinn hjá Leikfélagi Keflavíkur.



*Björn Ingi Hilmarsson frá Þjóðleikhúsinu, Guðlaug Ómar Guðmundsson og Brynja Ýr Júlíusdóttir frá Leikfélagi Keflavíkur og Arnar Hrólffsson frá Leikflokki Húnaþings vestra.*



# Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

## Stjórnarfundur: 19/09/2020 kl. 13:45

Staður: Leikhúsið Funalind 2

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Anna María Hjálmarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Anna Margrét Pálsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Ágúst Jónsson, Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj.

Fundargerð:

BÍL stjórnarfundur að loknum aðalfundi 19.09.2020.

Þórfriður sat fund í gegnum fjarfundarbúnað.

Guðfinna setti fundinn og bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa.

Verkaskipting. Guðfinna lagði til óbreytta verkskiptingu. Enginn var á móti því. Ekki þarf að ákveða dagsetningu á úthlutunarfund þar sem búið er að halda hann. Guðfinna lagði til að ákveða næsta fund, og nýta fjarfundarbúnað ef fólk kemst ekki á fundinn.

Hörður útskýrði fyrir nýjum stjórnarmönnum að ferðakostnaður á stjórnarfundum er greiddur fyrir aðalstjórnarmenn en ekki fyrir varastjórn. Ef stjórnarmenn eiga erindi í bæinn, þá er gott að ákveða fund í kringum það ef hentar, til að halda kostnaði niðri.

Guðfinna sagði að koma þyrfti upplýsingum um verklagsreglur sem kynntar voru á fundinum til félaganna.

Kynnti fósturfélög fyrir nýjum stjórnarmeðlimum. Benti á að hafa samband við sín fósturfélög og kynna leiðir til að stunda leiklist og annað tengt bandalaginu, undirbúning fyrir hátíðina og fleira.

Hörður nefndi að hægt væri að hafa félagafund með fjarfundarbúnaði (zoom). Fara yfir verklagsreglur og annað sem er á döfinni. Hægt væri að hafa hann í tengslum við stjórnarfund. Guðfinna lagði til að það yrði gert í nóvember og þá í tengslum við næsta fund stjórnar. Hörður lagði til að kalla það haustfund. Guðfinna lagði til að fundurinn yrði haldinn 6. nóvember. Fundurinn myndi hefjast 18 og kl. 19:30 yrði rafrænn haustfundur. Dagsetningin var ekki fastsett, ákveðið seinna. Setjum könnun á FB hópinn um dagsetningar.

Hörður kynnti fjárhagsstöðuna, innheimting árgjalda mun laga hana fljótlega. Aðeins var rætt

um árgjöld, líkleg lækkun vegna færri sýninga, og hvað það þýðir fyrir framtíð BÍL.

Guðfinna sleit fundi kl. 14:15

Gísli reit fundargerð en Hörður fór höndum um hana og setti hér á vefinn.

## Stjórnarfundur: 22/02/2021 kl. 17:00

Staður: Þjónustumiðstöð

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Anna María Hjálmarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Anna Margrét Pálsdóttir, Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj.

Fundargerð:

1. Fjárhagur – Að frádregnum Covidstyrkjum værum við að líkindum um 2 millj. í mínus núna. Að jafnaði höfum við verið í mínus um 1 til 1 og hálf milljón á þessum tíma. Miðað við ástandið undanfarið ár er það ekki óeðlileg staða. Frkv.stj. hefur verið að ná niður ýmsum föstum kostnaði, s.s. ljósritunarvél, öryggiskerfi og síma/net.

2. Aðalfundur –

Í Reykjanesbæ fös. 30. apr. – sun. 2. maí. Stefnt að Stuttverkahátíð. Framkv.stjóri kannar áhuga félaganna á þátttöku. Plan B að fá Keflvíkinga til að sýna á fös. kvöldinu.

Senda út tilkynningu og óska eftir verkum. Tímamörk 31. mars á að tilkynna verk.

3. Lagabreytingar – Stjórn leggur til lagabreytingu þess efnis að opnað verður fyrir að nýta rafræna tækni til að greiða atkvæði á aðalfundi. Gísli tekur að sér að útfæra tillöguna. Lagabreyting þarf að hafa borist Þjónustumiðstöð minnst 6 vikum fyrir aðalfund. Fundarboð þarf að senda minnst 4 vikum fyrir fund.

4. Skólinn –

Verður haldinn 19. – 27. júní, viku seinna en áður var áætlað.

Hannes Óli og Árni Kristjánsson geta ekki kennt. Leit að kennurum stendur yfir og skólafnd fundar á morgun.

5. Covid-styrkir –

Umsóknarfrestur til 15. mars. 4 félög hafa sótt



um. Ákveðið að framlengja frestinn enn frekar til 15. apríl.

6. NEATA –

Eistar stefna að hátíð í júlí. Norðurlöndin hafa efasemdir um þátttöku. Skoðað að gera breytingar á fyrrikomulagi, t.d. hafa stuttverkahátíð.

Þing í Mónakó í ágúst. Efasemdir um að af því verði.

7. Heimildarþáttur og kvikmynd –

8. (Stóra) hugmyndin – Hörður setur niður tölur og útfærslu og sendir á stjórn.

9. Önnur mál – Engin önnur mál.

Fundargerð ritaði Hörður

### **Stjórnarfundur: 29/04/2021 kl. 17:00**

Staður: Zoom

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Anna María Hjálmarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Anna Margrét Pálsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj.

Fundargerð:

1. Dagskrá aðalfundar:

Fundarstjóri: Ekki komið nafn en Leikf. Kef. kemur með mann. Ólöf verður fundarstjóri til vara.

Fundarritari: Jónheiður Ísleifsdóttir, Gísli til vara.

Menningarstefna: Anna Margrét Pálsdóttir les upp.

Skýrsla skólanefndar: Dýrleif eða Hrefna flytur.

Lagabreytingartillaga: Gísli Björn flytur tillöguna fyrir hönd stjórnar.

Tillaga að húsnæðissjóði: Hörður Sigurðarson flytur fyrir hönd stjórnar.

Starfsáætlun: Anna María kynnir. Starfsáætlun er sú sama og í fyrra og stjórn leggur til að hún verði óbreytt áfram.

Árgjald: Ólöf mælir fyrir árgjaldi. Stjórn leggur til að árgjald fyrir 2021-22 verði 85.000. Hálftr verði 42.500. Félög sem setja upp tvær sýningar greiði 127.500 og félög sem setja upp þrjár sýningar greiði kr. 170.000 kr. Um er að ræða hækkun miðað við vísitölu neysluverðs sem var rúmlega 3.8%.

2. Rætt um hugmyndir að opna á þátttöku í atkvæðagreiðslu fyrir þau félög sem ekki eiga heimangengt. Stjórn sammála um að núverandi lög heimili það ekki. Jafnvel þó lagabreytingartillaga stjórnar verði samþykkt á

fundinum eru of mörg álitamál til að það geti komið til greina á þessum fundi.

Fundargerð ritaði: Hörður

### **Stjórnarfundur: 01/05/2021 kl. 13:43**

Staður: Frumleikhúsið

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Anna Margrét Pálsdóttir, Brynja Ýr Júllusdóttir, Sigrún Tryggvadóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj.

Fundargerð:

Formaður býður nýja stjórnarmenn velkomna, þær Brynju Ýr og Sigrúnu.

Skipting embættis. Ólöf varaformður og Gísli Björn ritari.

Dagsetning úthlutunarfundar. Þriðjudaginn 15. júní 16.00.

Stjórn skrifaði undir umboð til framkvæmdastjóra til kaupa á fasteign svo það sé klárt ef þarf.

Fundargerð ritaði: Hörður

### **Stjórnarfundur: 15/06/2021 kl. 16:00**

Staður: Kleppsmýrarvegi 8

Fundarmenn:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Anna María Hjálmarsdóttir, Gísli Björn Heimisson, Jónheiður Ísleifsdóttir, Anna Margrét Pálsdóttir, Magnþóra Kristjánsdóttir, Brynja Ýr Júllusdóttir, Sigrún Tryggvadóttir, Hörður Sigurðarson, frkv.stj.

Fundargerð:

Úthlutun. Farið yfir umsóknir.

Halaleikhópurinn – Ábrystir með kanel uppfyllir ekki skilyrði þar sem ekki er búið að frumsýna.

Leikfélag Mosfellssveitar – Jóladaatalið uppfyllir ekki skilyrði.

Leikfélag Sauðárkróks – Umsókn um frumkvæðisálag vegna Á frívaktinni hafnað.

Leikfélag Selfoss – Umsókn um frumkvæðisálag vegna R+J=Ást hafnað.

Leikfélag Hólmavíkur. Uppfyllir ekki skilyrði þar sem um leiklestur er að ræða.

Niðurstaða úthlutunar er að fullur styrkur án álags er 432.000 kr.

Aðljóðlegt samstarf.

Leiklistarhátíð og þing AITA/IATA verður haldið í Mónakó í ágúst. Við sendum ekki fulltrúa en munum finna einhvern úr röðum NEATA til að



fara með atkvæði okkar.

NEATA-hátíð verður haldin í Eistlandi í september. Hátíðin verður smá í sniðum og stendur aðeins í 4 daga. Frkv.stj. mun kanna möguleika á að vera viðstaddur hátíðina og funda með öðrum NEATA-fulltrúum en þegar er ljóst við munum ekki senda sýningu á hátíðina fremur en hin Norðurlöndin.

Launamál frkv.stj. rædd.

Formaður Rithöfundasambandisins, Karl Ágúst Úlfsson hefur innt frkv.stj. eftir því hvort við viljum vera í samráði við þau og Leikminjasafnið um skráningu íslenskra leikrita. Frkv.stj. gaf jákvætt svar við því. Í tengslum við það kemur í ljós að Rithöfundasambandið er mögulega ekki sátt við framkvæmdina á því þegar Þjónustumiðstöð sendir út handrit á rafrænu formi og vill frekar koma handritum á rafbókaform svipað og gert er í bókasöfnum með tilheyrandi rafrænum læsingum. Frkv.stj. benti á að allt önnur lögmál gildi um leikrit en t.d. skáldsögur og fræðirit og að sú aðferð sem við notum, að setja skýr skilyrði fyrir notkun handrita, vatnsmerkja handritin og halda skrá yfir útlánin sé öllu tryggari en sú hefðbundna þar

sem handrit eru ljósrituð á pappír og viðtakandi getur svo komið á rafrænt form á auðveldan máta. Afar varhugavert er að setja óþarfa þröskulda í veg þeirra sem vilja nálgast handrit, oftar en ekki með það í huga að leikritið sé sviðsett. Stjórn er sammála um þessa skoðun á málinu. Frkv.stj. ítrekar að brýnt sé að bæta gæði handrita í safninu. Mörg hver hafi verið skönnuð inn af vanefnum á sínum tíma og mörg pappírseintök í lélegu ásigkomulagi.

Húsnæðismálin rædd. Eftir úthlutun er ljóst að 10.084.750 fara í húsnæðissjóð sem stofnaður var á síðasta aðalfundi. Frkv.stj. lagði fram fjárhagsáætlun vegna mögulegra kaupa á fasteign að Skipholti 15 sem hefur verið í umræðunni. Stjórn ákveður að bíða með kauptilboð. Stjórn mun fara yfir fjárhagsáætlanir frkv.stj. og einnig er ætlunin að skoða húsnæðið síðar í mánuðinum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið. Fundargerð ritaði Hörður Sigurðarson.

-----

# Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga

Haldinn í Reykjanesbæ 1. maí 2021

## **1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.**

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalagsins stígur í pontu og setur þennan 71. aðalfund BÍL. Hún býður alla velkomna og þakkar Leikfélagi Keflavíkur fyrir að taka á móti okkur.

Guðfinna stingur upp á Guðnýju Kristjánsdóttur og Brynju Ýr Júlíusdóttur sem fundarstjórum og Jónheiði Ísleifsdóttur og Gísli Birni Heimissyni sem fundarriturum. Búið er að kanna lögmæti fundar og hann er löglegur.

Guðný fundarstjóri stígur í pontu og býður alla velkomna. Hún er hér sem fulltrúi Leikfélags Keflavíkur og á sjálf 40 ára starfsafmæli.

Hún biður fundargesti að kynna sig sem þeir og gera.

## **2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.**

Dýrleif stígur í pontu og tilkynnir að allir sem tilkynntu sig á fundinn séu mættir. Gerður deilir út atkvæðaspjöldum til félaganna. Það eru 9 félög með atkvæði á fundinum.

Kjósa þarf um 2 aðalmenn í stjórn. Formann og stjórnarmann.

Guðfinna gefur kost á sér áfram sem formaður. Gísli gaf ekki ákveðið svar um hvort hann gefur kost á sér áfram.

Kosið verður um 3 sæti í varastjórn. Ágúst Jónsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Anna Margrét Pálsdóttir skipuðu þessi sæti. Ágúst gefur ekki kost á sér áfram en Anna Margrét og Hanna Margrét gefa kost á sér áfram.

Dýrleif óskar eftir framboðum í öll þessi stjórnarsæti.

## **3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.**

Anna Margrét Pálsdóttir stígur í pontu og les menningarstefnu Bandalagsins.

## **4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.**

Engar breytingar eru á félagaskrá Bandalagsins.

## **5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.**

Fundarstjóri bendir á að aðalfundargerð síðasta fundar sé aðgengileg á vefnum og kallar eftir athugasemdum.

## **6. Skýrsla stjórnar**

Guðfinna les skýrslu stjórnar:

Skýrsla stjórnar Bandalags íslenskra leikfélaga á aðalfundi í Keflavík 1. maí 2021

I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður

Ólóf Þórðardóttir, Mosfellsbæ, varaformaður

Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, ritari

Anna María Hjálmarsdóttir, Akureyri, meðstjórnandi

Jónheiður Ísleifsdóttir, Selfossi, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Ágúst Þormar Jónsson, Anna Margrét Pálsdóttir, Þórfriður Þórarinsdóttir og Magnþóra Kristjánsdóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð er Hörður Sigurðarson.

Stjórn hélt fjóra starfsfundi á árinu. Einn að afloknum aðalfundi í Kópavogi í september og tvo í Þjónustumiðstöð okkar í Reykjavík og þann síðasta hér í Keflavík. Fjarfundarbúnaður var eðlilega notaður sem og hópsamskipti til að leysa úr ýmsum úrlausnarefnum.

Er stjórn og skólanefndarfolki þökkuð góð samvinna á árinu og Herði framkvæmdastjóra er ennig þakkað fyrir frábært samstarf á óvenjulegu starfsári.

## II. Starfsemi félaganna

24 félög sendu inn styrkumsókn vegna 63 leiksýninga og leikþátta, 30 námskeiða og 31 nemenda í Leiklistarskóla Bandalagsins fyrir leikárið 2019-2020. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd var 502.042 kr. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur um umfang starfsins á þessu leikári, en það var í algjöru lágmarki. Félögin í Bandalaginu voru í vor 37 talsins.

## III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var í september vegna aðstæðna var að venju samþykkt starfsáætlun og og verður nú farið yfir hana og sagt frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

Rekstur Þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur Þjónustumiðstöðvar er alltaf í járnnum. Þegar í ljós kom að aðildarfélög okkar lentu utangarðs þegar kom að sértækri aðstoð hins opinbera við listageirann vegna Covid, hófum við viðræður við Menntamálaráðuneytið og skilaði það að lokum sérstöku styrkjum til okkar. Annars vegar 3 milljónir til skrifstofunnar og svo 3 milljónir í styrk til félaganna sem sækja mátti um vegna fjárhagslegs tjóns sem þau urðu fyrir vegna COVID. Gengið var frá úthlutun þessara sérstöku styrkja nú í liðinni viku.

Á vordögum fórum við að líta í kringum okkar og skoða húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar. Um það verður sérstaklega rætt á fundinum hér á eftir.

Vefurinn okkar leiklist.is er orðið eitt helsta stjórnþæki Þjónustumiðstöðvarinnar og virkni hans hefur margfaldast á undanförunum árum. Því fylgir óhjákvæmilega meiri umsýsla og kostnaður en hjá því verður einfaldlega ekki komist á tæknivæddum tímum. Margt var aðhafst í vefmálum á starfsárinu. Ráðist var í umfangsmikla uppfærslu á vefnum auk þess að flytja vefinn í nýja hýsingu.

Um skólann góða munu skólastýrur fjalla í skýrslu hér á eftir.

Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til Þjónustumiðstöðvarinnar var framlagið 6,5 milljónir árið 2020 og hækkaði upp í 7 milj. kr. á þessu ári samkvæmt samningi og á að hækka sem nemur hálfri milljón á ári.

Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL.

Við höfðum fullan hug á að vera með stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund í ár, en svo gerðist smá og við hættum við.

## IV – Önnur mál

Athyglisverðasta sýning árána 2020 og 2021 voru ekki valdar, eðlilega. Það bíður næsta árs.

Að venju funduðu fulltrúar allra landana í NEATA á netinu að þessu sinni og þar var ýmislegt rætt. Eistar stefna að NEATA hátíð í sumar en á vefundi NEATA í mars kom fram að ólíklegt væri að Norðurlöndin sendu þangað leiksýningar vegna Covid óvissu. Fastsett var að Svíar haldi hátíð árið 2022 og Norðmenn 2024. Nýjum vef NEATA var svo hleypt af stokkunum fyrir nokkrum vikum. Gamli vefurinn sem verið hafði á framfæri danska áhugaleikhúsráðsins var orðinn úr sér genginn og lítið notaður. Nýja vefinn er að finna á slóðinni neata.eu. Okkar fjölhæfi framkvæmdastjóri tók auðvitað að sér að setja vefinn upp en hann er hýstur hjá eistneska sambandinu.

Norðurlandasamtarf. Við samþykktum að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni eða svokölluðu Nordic masterclass. Um er að ræða verkefni þar sem hver þátttökupjód tilnefnir þrjú ungmenni (að líkindum á

aldrinum 18-25 ára). Þessi hópur hittist til skiptis í viðkomandi löndum þar sem þau verða yfir helgi undir handleiðslu leiðbeinanda. Hvert þátttökuland sér um að útvega leiðbeinanda og sér um fæði og gistingu fyrir hópinn þegar hann er í viðkomandi landi. Verið er að vinna í styrkumsokn vegna þessa verkefni undir forsæti Finnsk-sænska sambandsins. Við höfum veitt upplýsingar héðan en Sofía Wegelius frá Finnlandi er að setja saman styrkumsoknina til Nordisk Kulturfond. Spennandi ungmennaverkefni sem vonandi kemst á koppinn.

Á síðasta aðalfundi var því beint til stjórnar að skoða hvort breyta eigi lögum Bandalagsins til þess að opna á rafræna þáttöku á aðalfundum BÍL. Lagabreyting þessu tengd verður lögð fyrir fundinn hér á eftir.

Þetta ár var skrítið, og leiklistarstarfsemi víða um land sat að mestu leyti í svelt í vetur. Þó mátti sjá merki um líf sem betur fer, einstaka sýningar, stuttverkadagskrár og námskeiðahald.

Það er glóð, hún fer ekkert, nú er bara að bretta upp ermar og blása lífi í það sem við elskum að gera. Það þarf að segja allar þessar sögur.

Við í stjórninni og okkar góði framkvæmdastjóri erum ávallt til skrafs og ráðagerða ef eitthvað er.

Megi næsta starfsár og næsta skýrsla og næsti fundur vera miklu mun lengri með lúðrablæstri, góðum hátíðarmat og stuði.

---

Fundarstjóri þakkar Guðfinnu fyrir og minnst á að umræður um skýrslu stjórnar verði eftir að reikningar hafa verið lagðir fram.

### **7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.**

Hörður stigur í pontu og kynnir reikningar Bandalagsins. Hann byrjar á að kynna rekstrarreikning og útskýrir einstaka þætti. Hann fer svo yfir efnahagsreikning. Aldrei þessu vant endaði árið í plús.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu stjórnar og reikninga bandalagsins.

Sigríður spyr hvort hækkun vefhýsingar eigi eftir að lækka aftur. Hörður stigur í pontu og svarar já.

Engar frekari spurningar.

Reikningar eru bornir upp til atkvæða.

Reikningar samþykktir samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

### **9. Skýrslur nefnda og umræður um þær**

Fundarstjóri kynnir Dýrleifu til leiks.

Dýrleif stigur í pontu, færir fundi kveðju frá Hrefnu Friðriksdóttur formanni skólanefndar og les skýrslu skólanefndar.

Skýrsla skólanefndar á aðalfundi BÍL 1. maí 2021

Á liðnu starfsári sátu í skólanefnd Hrefna Friðriksdóttir, formaður, Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Formaður þakkar kærlega öllu samnefndarfólki og framkvæmdarstjóra BÍL fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Eins og kunnugt er var fyrirhugað skólastarf leiklistarskólans að Reykjum fellt niður sumarið 2020 vegna Covid-19. Tekin var ákvörðun um að bjóða samskonar námskeið sumarið 2021.

Haustið 2020 hófst ánægjulegt samstarf við Þjóðleikhúsið um námskeiðahald og í september sl. var haldið eitt hljóðnámskeið og eitt ljósanámskeið. Lauslega hefur verið rætt um frekara samstarf sem verður spennandi að fylgja eftir þegar færi gefst.

Við erum mjög bjartsýn á að hefðbundið skólastarf að Reykjum verði að veruleika í sumar, nánar tiltekið frá 19.-27. júní. Eins og áður sagði er stefnan tekin á sömu námskeið og átti að halda 2020, en þó með nýjum kennurum í einhverjum tilvikum vegna forfalla. Árið 2021 er því boðið upp á fjögur fjölbreytt námskeið:

1. Leiklist II - kennari Ólafur Ásgeirsson. Skráðir eru 16 nemendur.

2. Bak við tjöldin II - kennarar Eva Björg Harðardóttur og Ingvar Guðni Brynjólfsson. Skráðir eru 10 nemendur.



3. Leikstjórni I - kennari Vala Fannell. Skráðir eru 10 nemendur.

4. Sérnámskeið um leikarann sem skapandi listamann - kennari Rúnar Guðbrandsson. Skráðir eru 16 nemendur.

Pegar fjöldi umsókna lá fyrir var ákveðið að bjóða einnig nokkur pláss laus fyrir höfunda í heimsókn.

Við erum afar þakklát fyrir áhugann á skólafarfinu og spennt fyrir samstarfi við nýja kennara. Hlökkum mikið til að hefjast aftur handa og njóta þess skemmtilega og skapandi starfs sem alltaf hefur einkennt skólann okkar.

Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

Fundarstjóri opnar umræður um skýrslu skólanefndar.

Jónheiður kveður sér hljóðs og hvetur alla til að kynna sér Leiklistarskóla Bandalagsins og koma ef fólk finnur eitthvað við sitt hæfi. Hún lýsir einnig yfir ánægju sinni með námskeiðin sem haldin voru í samstarfi við Þjóðleikhúsið. Hún fór á ljósanámskeið og fannst það mjög lærdómsríkt.

Engar frekari spurningar eða athugasemdir við skýrsluna.

### **10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa**

Anna María kynnir starfsáætlun Bandalagsins. Starfsáætlun er óbreytt frá því í fyrra.

Sérverkefni, laga þarf orðalag.

“Halda leiklistarhátíð í tengslum við Aðalfund Bandalagsins árið 2022, vegna 70 ára afmælis BÍL árið 2020.”

Anna María opnar fyrir umræður. Sigríður spyr hvort stjórn BÍL geti ekki bara læknað Covid. Stjórnin tekur vel í það.

Engar frekari spurningar.

Fundarstjóri leggur til fundarhlé í 20 mínútur.

HLÉ

Fundarstjóri stígur í pontu eftir hlé og mælir með veitingastaðnum Library sem er á Park Inn hótelinu. Hún talar einnig um að næst á dagskrá hjá Leikfélagi Keflavíkur sé að setja upp sýninguna “Fyrsti kossinn” og að þau hafi verið að ljúka sýningum á Beint í æð sem gekk vel þrátt fyrir allt.

### **11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.**

Gerður stígur í pontu og kynnir framboð.

Guðfinna er ein um að gefa kost á sér sem formaður Bandalagsins.

Gísli gefur kost á sér áfram til stjórnarsetu í aðalstjórn ef önnur framboð berast ekki.

Þeir sem eiga að ganga úr varastjórn eru, Ágúst Jónsson, Hanna Margrét Kristleifsdóttir og Anna Margrét Pálsdóttir. Anna Margrét og Hanna Margrét gefa kost á sér áfram og til viðbótar hafa borist þrjú ný framboð í varastjórn en þær, Jóhanna S. Ingólfssdóttir, Sigrún Tryggvadóttir og Brynja Ýr Júlíusdóttir bjóða sig allar fram til setu í varastjórn.

Fundarstjóri þakkar Gerði fyrir og kynnir næsta lið.

### **12. Lagabreytingar.**

Gísli kynnir lagabreytingatillögu.

Breytingin varðar 6. grein laga Bandalagsins. Gísli les a) lið 6. greinar eins og hún var:

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar Þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki Þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

Gísli les tillögu stjórnar að lagabreytingu.

Fyrirliggjandi er tillaga að lagabreytingu frá stjórn BÍL er varðar framkvæmd aðalfunda og hljóðar hún svo:

Tillaga til breytingar á 6. grein a-lið:

Eftir setninguna “Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt.” detti núverandi texti í a-lið út en í staðinn komi eftirfarandi:

“Ef knýjandi aðstæður eru fyrir hendi er stjórn BÍL heimilt að opna fyrir rafræna þátttöku félaga á aðalfundi.

Kjörbréf er útfyllt á til þess gerðu formi á Leiklistarvefnum sem tiltækt er innskráðum félögum. Kjörbréfið skal vera tiltækt félögum á vefnum eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. Móttaka kjörbréfs er staðfest af Þjónustumiðstöð með tölvupósti til formanns og a.m.k. eins annars stjórnarmanns.”

Fundarstjóri býður upp á umræður um lagabreytingartillögu.

Engar spurningar og fundarstjóri ber lagabreytingartillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **13. Tillögur lagðar fyrir fundinn**

Fundarstjóri kynnir Hörð í pontu.

Hörður kynnir tillögu að stofnun húsnæðissjóðs BÍL.

Tillaga að stofnun húsnæðissjóðs BÍL

Stjórn BÍL leggur til að stofnaður verði húsnæðissjóður Bandalags íslenskra leikfélaga. Markmið sjóðsins verði að greiða úr húsnæðismálum samtakanna.

Greinargerð með tillögunni:

Þjónustumiðstöð BÍL er nú í leiguhúsnæði að Kleppsmýrarvegi 8. Leigan er ásættanleg miðað við það sem gengur og gerist á leigumarkaði og er nú um 1.3 milljónir á ári. Vera okkar í núverandi húsnæði er hinsvegar ótrygg og líkur á að innan fárra ára eða jafnvel missera verði húsið selt og rífið. Við munum þá standa frammi fyrir því að finna nýtt húsnæði til leigu og allar líkur á að leigan hækki umtalsvert við það. Óvissan sem við stöndum frammi fyrir er mikil og hætt við að veikur rekstrargrunnur Þjónustumiðstöðvar verði enn ótraustari og má þó ekki við miklu. Jafnframt leggur stjórn BÍL til eftirfarandi:

Sú upphæð sem er til skiptanna til verkefna félaganna leikárið 2020-21 er 18.5 milljónir. Verkefnastyrkur fyrir hverja mínútu síðasta leikár var 6.275 kr. Styrkur fyrir sýningu í fullri lengd án álags var því 502.042 kr. á síðasta ári. Það var umtalsvert hærra styrkur en árið 2019 þegar hann var 361.614 kr. eða 4.520 kr. á mínútu. Munurinn helgast aðallega af því að vegna Covid-19 voru verkefni félaganna mun færri en venjulega. Gera má ráð fyrir að á þessu ári verði þau enn færri.

Stjórn leggur til að við úthlutun skiptist styrkupphæðin á þennan hátt:

1. Verkefnastyrkur án álags fyrir leikárið 20-21 verði fastsettur á 5.400 kr. á mínútu eða 432.000 kr. fyrir sýningu í fullri lengd. Sú tala er meðaltal árána 2019 og 2020.

2. Þrjár milljónir af verkefnastyrk 20-21 verði teknar til hliðar og bætt við verkefnastyrki leikárið 2021-22. Það gæti orðið hvati til að leikárið 2021-22 sem vonandi verður Covid-frítt, verði sérlega öflugt.

3. Það sem eftir stendur af verkefnastyrk verði sett í nýjan húsnæðissjóð Bandalagsins með það fyrir augum að búa okkur undir væntanlegan flutning í nýtt húsnæði. Stjórn verði gefin heimild til að skoða möguleika á að nota sjóðinn til kaupa á húsnæði ef það borgar sig fremur en að leigja. Jafnframt fái stjórn heimild til nauðsynlegrar lántöku ef af húsnæðis kaupum verður.

Undanfarinn áratug eða svo hefur aðalfundur BÍL ávallt samþykkt að hluti af verkefnastyrk fari til reksturs Þjónustumiðstöðvar. Það hlýtur að vera markmið okkar að reksturinn verði sjálfbær þannig að ekki þurfi að gripa til slíkra ráðstafana. Tillaga okkar um húsnæðissjóð er liður í að það verði að veruleika í náinni framtíð.

Stjórn BÍL

Fundarstjóri opnar umræður um stofnun húsnæðissjóðs.

Guðfinna stígur í pontu og tala um mikilvægi þess að tryggja fjárhagslegt öryggi Bandalagsins þrátt fyrir að við þurfum að finna okkur nýtt húsnæði fljótlega.

Ingveldur spyr hvort verið sé að tala um styrkveitingar þessa árs en ekki í framhaldi og spyr jafnframt um það hvort við séum að samþykkja að taka peninga af styrk þessa árs og einnig að veita stjórn heimild til lántöku í framtíðinni.

Guðfinna svarar því játandi. Hörður stígur í pontu og talar um mikilvægi þess að tryggja húsnæðismáls Bandalagsins og að það sé sanngjarnara að styrkurinn til þeirra sem hafa getað starfað í ár verði ekki óvenju hár og aðrir fái ekki neitt. Þess vegna er stungið upp á því að hafa mínútagjaldið svipað og fyrri ár og nýta styrkinn í ár til hvatningar á næsta ári og stofnunar húsnæðissjóðs til að styrkja rekstrargrunn Þjónustumiðstöðvar.

Spurning frá Þórnari úr sal. Hvað sirka sér stjórn fyrir að upphafsstaða húsnæðissjóðs verði, með öllum fyrirvörum.

Hörður svarar að líklega, án ábyrgðar verði þetta í kringum 5-6 milljónir.

Sigrún spyr hvort ekki væri betra að þetta séu tvær tillögur. Henni finnst ekki að það eigi að gefa opna lántökuheimild til margra ára.

Guðrún Eysteins leggur til breytingartillögu við núverandi tillögu að lántökuheimild stjórnar Bandalagsins til húsnæðis kaupum verði gefin til eins árs í senn og endurnýjuð á hverjum aðalfundi.

Sigrún og fleiri taka undir þetta og hvetja Guðrúnu til að skrifa upp breytingartillögu og skila inn til fundar.

Dýrleif spyr hvort það sé einhver tímalína varðandi húsnæðismál.

Hörður svara því að uppsagnarfrestur leigu í núverandi húsnæði Þjónustumiðstöðvar sé 3 mánuðir, en annað sé ekki vitað. Búið er að rífa allt í kringum okkur en húsið sem Þjónustumiðstöðin er í stendur enn og ekki er vitað hvenær við þurfum að flytja þó það sé líklega yfirvofandi.

Örn stígur í pontu og talar um að Leikfélag Kópavogs bjóði Þjónustumiðstöð tímabundna aðstöðu í húsnæði leikfélagsins ef hún lendir á hrakhólum.

Fundarstjóri les upp breytingartillögu:

Setningin, "Jafnframt fái stjórn heimild til nauðsynlegrar lántöku ef af húsnæðis kaupum verður." Í þriðja lið tillögunar verður:

"Jafnframt fái stjórn heimild til nauðsynlegrar lántöku ef af húsnæðis kaupum verður, sem gildir til næsta aðalfundar."

Sigríður spyr hvort lántökuheimild gildi þá frá þessum aðalfundi til næsta.

Fundarstjóri svarar því játandi.

Fundarstjóri ber breytingartillögu upp til atkvæða. Hún er samþykkt með öllum atkvæðum.

Fundarstjóri ber breytta tillögu upp til atkvæða. Hún er samþykkt með öllum atkvæðum.

#### **14. Starfsáætlun afgangi.**

Engar breytingartillögur hafa borist við starfsáætlun.

Starfsáætlun er borin óbreytt upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### **15. Stjórnarkjör.**

Fundarstjóri býður Dýrleifu í pontu að stýra stjórnarkjöri.

Dýrleif kynnir frambjóðendum og býður frambjóðendum að kynna sig.

Guðfinna gefur ein kost á sér sem formaður Bandalagsins og er kosin með lófaklappi.

Gísli Björn gefur einn kost á sér sem stjórnarmaður í stjórn Bandalagsins og er kosin með lófaklappi.

Fimm eru í framboði til varastjórnar:

Anna Margrét Pálsdóttir (Leikfélag Kópavogs)

Hanna Margrét Kristleifsdóttir (Halaleikhópurinn)

Sigrún Tryggvadóttir (Leikfélag Kópavogs, Leikfélag Hafnarfjarðar og Leikfélagið Sýnir)

Brynja Ýr Júlíusdóttir (Leikfélag Keflavíkur)



Jóhanna Ingólfssdóttir (Freyvangsleikhúsið)

Frambjóðendur í varastjórn stíga í pontu einn af öðrum og kynna sig.

Kjörnefnd biður fundarmenn að ganga til atkvæða, safnar atkvæðum og les upp.

Kosnir í varastjórn til næstu þriggja ára eru: Anna Margrét Pálsdóttir, Brynja Ýr Júlíusdóttir og Sigrún Tryggvadóttir

### **16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.**

Kjörnefnd er Dýrleif, Gerður og Sigga Lára og Axel Vatnsdal til vara.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

Dýrleif og Oddfreyja gefa áfram kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og varamaður er Ásgeir Hvítaskáld.

Kjörnefnd leggur til óbreytta skipan. Kjörnefnd og skoðunarmenn reikninga samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

### **17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins**

Ólöf stígur í pontu og kynnir tillögu stjórnar árgjaldi BÍL 2021-22.

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2021-2022:

Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarfélaganna fyrir leikárið 2020-2021 verði kr. 85.000.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gjald eða kr. 127.500 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gjald eða kr. 170.000.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf árgjald eða kr. 42.500.

Ólöf útskýrir að hækkunin sé í samræmi við vísitölu neysliverðs milli árána 2020-2021 eða um það bil 4% hækkun.

Fundarstjóri ber tillögu upp til atkvæða og er hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **18. Önnur mál**

Guðfinna stígur í pontu og lýsir því yfir að hún sé spennt að vera formaður næstu tvö árin því vonandi fer ástandið sem hefur verið hálfgerzt zombie ástand síðustu ár að skána.

Hún þakkar Ágústi og Hönnu Margréti fyrir setu sína í varastjórn og býður nýja stjórnarmeðlimi velkomna í stjórn.

Hún stingur einnig upp á því að fulltrúar frá félögunum segi frá starfi vetrarins.

Gísli stígur í pontu og segir frá Gísla hjá Leikfélagi Keflavíkur, sem var með honum á Samvinnuskólanum og segir að hann hafi verið í stjórn BÍL þegar Gísli Björn var að byrja og sagði honum að það gæti bara verið einn Gísli. Einnig þakkar hann fyrir kosningu og segir frá því að hann sé nú eini karlinn sem er eftir í stjórn Bandalagsins

Ólöf talar um að hún hafi rekið augun í bóksölulíðinn í reikningunum og mælir með því að fólk kaupi þessa bók. Hún segir frá starfi Leikfélags Mosfellssveitar. Þau þurftu að hætta við sýningu í fyrra sem var full æfð og verður vonandi tekin upp í haust. Þau hafa verið að sinna unga fólkinu og hafa verið með námskeið fyrir börn og litlar sýningar. Hún talar einnig um húsnæðismál og segir frá því að búið sé að byggja í kringum leikhúsið. Búið var að selja lóðina en búið er að skila henni aftur. Hún á fund með bæjarstjóra og þetta á eftir að koma í ljós. Spyr hvort hægt sé að fá inni hjá Leikfélagi Kópavogs. Einnig býður hún nýja meðlimi í varastjórn velkomna.

Sigríður frá Leikfélagi Selfoss stígur í pontu. Djöflaeyjan var sýnd þrisvar og reynt var að taka hana upp en það koma alltaf ný bylgja. Einnig var planað Hugarflug og skipulag hafið en það þurfti að hætta við það. Haldið var Rafrænt jóla kvöld sem var streymt á facebook. Sumarnámskeið voru haldin í fyrra og líka núna. Einnig var haldið leikritunar- og raddnámskeið sem voru vel sótt. Einnig er í gangi samstarf við FSU og eru þau að æfa sýningu með aðstoð frá leikfélaginu.

Herdís stígur í pontu og talar um Allt fyrir andann. Hún vinnur á bókamarkaði en henni tekst þar alltaf að selja tvær bækur. Hún ætlar að mæla með þessari bók sem gestabók. Hún var notuð þannig á síðasta stórafmæli hennar. En að Halaleikhópnum. Búið er að ráða leikstjóra sem biður á kantinum og byrjað er að skipuleggja næsta verkefni með henni. Þau keyptu nýlega nýja áhorfendapalla sem þurfti að greiða og hafa sótt um styrki til þess. Sendu fulltrúa á námskeið Þjóðleikhússins og var hún mjög

ánægð með það og vonandi tekst okkur að koma þessu góða starfi af stað aftur fljótlega.

Þórarinn frá Hugleik stígur í pontu og segir að þau hafi frestað samstarfsverkefni með MÍT. Planið í haust var að setja upp stuttverka dagskrá í framhaldi af leiktúlkunarnámskeiði með Bjarna Snæbjörnssyni en það var haldið eftir áramót og dagskráin um síðustu helgi, fáir áhorfendur en streymi var á facebook. Sögur Jónanna var lesið í gegnum zoom og heppnaðist vel. Höfundanámskeið var haldið með Árna Kristjánssyni og út úr því komu 8 verk og hefur verið haldin zoom fundur um sýningu á þeim.

Anna María kemur í pontu og segir frá Freyvangsleikhúsinu. Þau fór af stað með Dagbók Önnu Frank sem kenndi henni að Covid er ekki svo slæmt. Þau sýndu 7 sýningar. Fóru aftur af stað í haust og sýndu 2 sýningar. Fóru aftur af stað núna í vor en skellt var í lás áður en tókst að hafa þriðja general. 500 kg af kartöfluútsæði hafa verið framleidd. Tveir sóttu námskeið í sketsaskrifum hjá Dóru Jóhanns og út frá því var ákveðið að Dóra kæmi norður með spunanámskeið sem var vel sótt. Þau ætluðu svo að fara af stað með stuttverkahátíð til að æfa upp verk fyrir stuttverkahátíð en það var lokað áður en það fór af stað. Haldin var handritakeppni sem Sígga Lára Sigurjónsdóttir sigraði en þau áætla að sýna sigurverkið og svo jólaleikrit í framhaldi. Fullt í gangi en Anna María ætlar ekki að halda áfram sem formaður þannig að aðrir fá að taka við keflinu og hún færna að koma og leika sér.

Anna Margrét stígur í pontu og segir frá Leikfélagi Kópavogs. Planið var að taka upp Fjallið sem búið var að sýna 3 sýningar en hætt var við að taka það upp vegna anna aðalleikarans og Covid. Hörður ætlaði að vera með námskeið í leiklist fyrir fullorðna en ekki hefur verið hægt að halda það ennþá. Stjórnuljósakvöld var ekki haldið að þessu sinni. Gunnar Björn var ráðinn sem leikstjóri og sýndar voru 5 sýningar af Rúa og Stúa. Planið er að taka aftur upp sýningar í haust og allir búnir að gefa kost á sér í það nema einn. Hafa verið í samstarfi við Leynileikhúsið með námskeið fyrir börn og hefur það starf haldið sér. Tækifærið hefur verið nýtt í að dytta að húsinu og sinna því.

Ingveldur stígur í pontu og talar um að LH hafi gengið í gegnum ár vonbrigða. Þau voru byrjuð að æfa ferðamaður deyr en þurftu að hætta og hafa reynt að byrja aftur en án árangurs og ekki ljóst með framhaldið á því verkefni. Þau hafa nýtt tímann í að taka til í Kapellunni. Þau hafa haft tímabundið aðsetur þar og áttu framkvæmdir að hefjast 2023 en því hefur verið flýtt þar sem fengist hefur styrkur frá Oddfellow til að gera breytingar næsta haust þannig að félagið verður aftur húsnæðislaust í haust. Mikið brölt og hlutir hafa horfið m.a. klósett. Hafa leikið eitthvað með Leikfélagi Kópavogs. Verkefni sem hefur verið farið í eru td. Stuttverkahátíð á netinu í fyrra vor og jólahátíð sem er venjulega í Hellisgerði var færð í streymi, "Hvar eru jólasveinarnir?". Gestaleikarar komu úr öðrum félögum m.a. Grýla frá Selfossi. Covid hefur kennt okkur að nýta aðrar lausnir. Einnig hefur verið námskeiðið Leikarinn sem skapandi listamaður með Rúnari Guðbrands, sem vakti mikla lukku og sýning í kjölfarið. Höfundasmiðja hefur verið virk en ekki mikið um sýningar. Það liggur mikið eftir þetta og stefnan er að halda "Hið vikulega" um næstu helgi. Samlestur í dag.

Brynja stígur í pontu fyrir Leikfélag Keflavíkur. Þau voru byrjuð að sýna Benedikt Búalf og sýndu 8 sýningar. Sýndu síðan Beint í æð og náðu 16 sýningum í febrúar. Hafa haldið námskeið fyrir börn og hafa verið með unglingsdeild sem hefur verið misvirk. Stækkuðu sviðið og keyptu þvottavél. Eru að setja upp frumsaminn söngleik, Fyrsta kossinn, sem byggir á lögum Rúnars Júlíussonar, en Brynja er barnabarn hans og mun Karl Ágúst leikstýra.

Fundarstjóri segir frá því að virkt barnastarf smiti út í skólana þar sem leikfélagar eru virkir og vinna í skólum og taka mikinn þátt í menningarstarfi bæjarins.

Hörður biður um orðið undir önnur mál. Hann vill reyfa gamlar lummur varðandi Bandalagið. Hann byrjar þó á því að þakka Leikfélagi Keflavíkur fyrir að taka á móti okkur og tengjast Bandalaginu á nýjan leik. Hann nefnir einnig að vonandi er þessu hörmungarástandi að ljúka. Þetta hefur verið erfitt andlega og jafnvel fjárhagslega fyrir mörg félög. Hann hvetur félögin til að láta þetta mótlæti ekki buga sig og er glaður hversu frumlegt fólk hefur verið að finna lausnir í þessu ástandi en nú eru vonandi bjartari tímar framundan og hann hvetur okkur öll til halda áfram. Bandalagið rekur Þjónustumiðstöð og áréttað þjónustuhlutverk Þjónustumiðstöðvar. Leikritasafnið, vefurinn, fleiri og fleiri nýta sér leikhúsbúiðina og aðra þjónustu Bandalagsins. Leikritasafnið er ein okkur stærsta auðlind og við getum bætt skráningu á leikritum og leitarvélina á vefnum en það þarf eitthvað fjármagn í það. Hann hefur verið að vinna að hugmynd að leiknámunni sem er leikæfingabanki á vefnum sem getur nýst þeim sem eru að kenna leiklist í grunnskólum og með námskeið hjá leikfélögum. Margar fyrirspurnir til Þjónustumiðstöðvar um handrit og hugmyndir. Jákvætt að styrkja þessa tengingu að fyrirmynd Leikfélags Keflavíkur. Kallar eftir hugmyndum um sjóði sem hægt er að leita til með fjármagn í þetta.

Kallar eftir fréttum af starfi leikfélaganna og myndum í góðum gæðum. Hann langar til að segja frá því sem við erum að gera.

Hann segir einnig frá Leiklistarskóla Bandalagsins sem hefur verið haldin síðustu 23 ár. 60 manns eru

skráðir í skólan í sumar með kennurum. Hann hvetur okkur til að koma upplýsingum um skólann áfram til okkar félaga.

### **19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund**

Fundarstjóri reifar hugmyndir um það hvort Leikfélag Keflavíkur hefur áhuga á að taka á móti okkur aftur að ári og halda þá “alvöru” Bandalagsþing.

Hörður stígur aftur í pontu og reifar þessa hugmynd frekar.

Stjórn Leikfélags Keflavíkur tekur vel í þessa hugmynd.

Fundarstjóri býður Guðfinnu í pontu til að slíta fundi.

Guðfinna þakkar leikfélagi Keflavíkur fyrir að taka á móti okkur og hlakkar til að fá að skoða aðstöðuna þeirra í Frumleikhúsinu.

Hún þakkar fundarstjóra fyrir skelegga stjórn og öllum fyrir komuna.

Guðfinna hvetur alla til að blása lífi í þá glóð sem er fyrir hendi í leikfélögunum og fylgjast með öðrum félögum á samfélagsmiðlum og fylgjast með þeim og like-a það sem aðrir eru að gera.

Það gleður að sum leikfélög fái stuðning frá sýnu sveitarfélagi og hryggir að sum félög séu á hrakhólum.

Verum dugleg að tala um þá kosti og galla sem fylgja því að reka leikfélag.

Hún þakkar kærlega fyrir góðan fund og frestar fundi.

## **Framhaldsaðalfundur**

### **Framhaldsaðalfundur 17. september 2022**

#### **1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.**

Guðfinna Gunnarsdóttir formaður Bandalagsins setur þennan framhalds aðalfund við 72. aðalfund BÍL.

Hún býður alla velkomna.

Guðfinna stingur upp á F. Ella Hafliðasyni sem fundarstjóra og Jónheiði Ísleifsdóttur sem fundarritara.

Elli biður um könnun á lögmæti fundar.

Dýrleif segir að borist hafi sjö kjörbréf frá sjö félögum og búið sé að kanna lögmæti fundar og hann sé löglegur.

#### **2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.**

Dýrleif les upp þau leikfélög sem eiga atkvæðisrétt á fundinum og deilir út atkvæðaspjöldum. Það eru sjö félög með atkvæði á fundinum. Fjögur félög eru með fulltrúa á staðnum en þrjú félög eru með fulltrúa á Zoom.

Búið er að kjósa í stjórn fyrir árið og þess vegna er ekki þörf á að auglýsa eftir tillögum og framboðum.

Elli útskýrir hvernig atkvæðagreiðsla fer fram á fundinum. Þeir sem eru að staðnum rétta upp sín spjöld, en þeir sem taka þátt á zoom fá upp atkvæðagreiðslu á zoom þar sem þeir geta greitt atkvæði.

Ef fólk á Zoom vill taka til máls þá er hægt rétta upp hendi með “reaction” á zoom.



### 3. Fundargerð síðasta aðalfundar afgangur.

Fundarstjóri bendir á að aðalfundargerð síðasta fundar sé aðgengileg á vefnum og hlekk á hana var deilt með fundarboði og að fulltrúar ættu að hafa haft tækifæri til að kynna sér hana og kallar eftir athugasemdum.

Engar athugasemdir og fundargerð síðasta aðalfundar er afgangur samhljóða.

4. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Elli býður Herði að kynna reikninga síðasta árs.

Hörður deilir út útprentuðum reikningum á staðnum og þeir sem eru á zoom geta skoðað reikninga á vefnum.

Hann talar um að kynnt hafi verið drög að reikningum í vor en ætlar að fara yfir þetta aftur.

Hann fer yfir reikninga á skjánum því skjalið á vefnum inniheldur ekki rekstrar reikninginn, það verður leiðrétt strax eftir fund.

### 5. Umræður um skýrslu stjórnar og afgangur reikninga.

Fundarstjóri opnar umræður um reikninga bandalagsins.

Engar spurningar eða athugasemdir eru við ársreikning þannig að fundarstjóri setur í gang atkvæðagreiðslu á zoom (3 félög) og þeir sem eru á staðnum (4 félög) greiða atkvæði þar.

Ársreikningur er samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

### 6. Önnur mál

Fundarstjóri opnar umræður um önnur mál.

Hörður stingur upp á að gaman væri að heyra í þátttakendum á fundinum og fundurinn tekur vel í það.

Arnar frá Leikfélagi Húnaþings Vestra byrjar. Ekkert er komið af stað en þau eru að byrja á vinnu í sambandi við söngleik eftir Ármann Guðmundsson sem byggður er á lögum Gunna Þórðar. Áætluð er frumsýning um páskana. Þau stefna á að setja upp minni jóla sýningu.

Sigga Lára býðst til að frumsýna nýja kærastan. Valgeir Skagfjörð er að setja upp Gulleyjuna með leikfélagi Fljótshálsfélags og stefnt á frumsýningu í október/nóvember. Líklega leikgerð eftir Karl Ágúst og Sigurð Sigurjónsson.

Steinunn frá Leikfélagi Flateyrar. Þau stefndu á að setja upp sýningu í haust. Nokkrir leikstjórar hafa hætt við en núna virðist það vera að glæðast þar sem þau eru í viðræðum við leikstjóra og stefna á sýningu í vetur.

Jónheiður segir frá því að miklar framkvæmdir séu í gangi og fyrirhugaðar í litla leikhúsinu á Selfossi og þess vegna hefur frestast að plana haust og vetur en það er fundur eftir helgi og eftir það skýrist hvað verður hægt að gera í haust og vetur. LS stefnir á að taka þátt í menningarmánuðinum október og svo er fyrirhugað að halda einhver námskeið og stefnt á sýningu eftir áramót.

Þórfriður segir frá að Leikfélag Norðfjarðar hefur ekki gert neitt síðan COvid, vegna þess að það myndi hófst en þau stefna á sýningu í vetur og verða í samstafi við jólasveinana um jólin. Búið er að taka rafmagnið í félagsheimilinu sem verður búbot fyrir þau. Þau reka leikfélagið á núlli og geyma aldrei pening.

Ása Hildur frá Halaleikhópnum segir frá því að þau hafi verið að æfa verk í tvö ár og stefna á að sýna Obbosí Eldgos eftir Sigrúnu Valbergs í vetur.

Lilja frá LH segir frá því að lítið sé að fréttu. Stjórnin stefnir á fund fljótlega til að plana haust og vetur. Mögulega gætu þau fengið inni hjá karlakórnum Þrestir en það er ekki komið á hreint. Þau eru ennþá húsnæðislaus og halda áfram að berjast fyrir því en það er mikill áhugi á að halda starfinu áfram að skipuleggja námskeið til að halda starfi leikfélagsins á lofti og sinni þeim nýliðum sem hafa áhuga á að starfa í leikfélagi. Virkni er lykilatriði til að fá húsnæði.

Sigrún talar um að leikfélagið Sýnir hafi ekki haft fund í haust en það hefur verið umræða um að skipuleggja stuttverkahátíð leikfélög að sunnan fara norður og leikfélögin að norðan koma suður og sýna stuttverk.

Sigrún talar um að Leikfélag Kópavogs sé að æfa tvo þætti eftir Dario Fó. Æfingar er í gangi og verður frumsýnt 30. Október.

Dýrleif talar um að Hugleikur stefni að því að setja upp stuttverkadagskrá með verkum eftir Júlíu Hannam, væntanlega sýning 4.-5. nóv. Þessi hugmynd kviknað eftir að Þórunn stjórnaði stuttverka dagskrá með eigin verkum í vor. Þá datt Júlíu í hug að gera svipað í tilefni að sjötugs afmæli sínu. Þau hafa húsnæði til æfinga en reksturinn kostar og það fást engir styrkir frá Reykjavíkurborg og það kostar milljón á ári að reka æfingahúsnæðið. Reykjavíkurborg hefur ekki komið til móts við félagið með fasteignagjöldin. Höfundahópur hittist og stefnt er á sýningu eftir áramót. Dýrleif er að taka til og henda allskonar dóti sem ekki er notað lengur. Stefnt er á tóman æfingasal svo hægt sé að leigja æfingarymi til sjálfstæðra leikhópa.

Elli kallar eftir fleiri öðrum málum.

Hörður segir frá því að búið sé að skrá Bandalag íslenskra leikfélaga á almannaheilla skrá þannig að nú er hægt að styrkja Bandalagið og hann stingur upp á að leikfélögin geti gert það sama. Hann segir frá því að tillaga hafi komið fram aðalfundi í maí og verið afgreidd áður en fundi lauk.

Þórríður kveður sér hljóðs og spyr hvort búið sé að taka ákvörðun um hvar næsti aðalfundur verður haldinn því það kom boð frá leikfélagi Norðfjarðar. Guðfinna svara að ekki sé búið að ræða þetta til hlýtar á stjórnarfundi þar sem það komu fram tvö tilboð um næsta aðalfundastað og það komi jafnvel til greina að skipta þessu á milli ára þannig að við verðum í Freyvangi annað árið og á Norðfirði hitt árið.

Elli hlakkar til að koma á tvo staði á næsta ári og stingur upp á að nota BÍL bílinn. Hann kemur svo með fyrirspurn um húsnæðismál Bandalagsins. Hörður svara því að uppi sé pattstaða milli eiganda húsnæðisins og Reykjavíkurborgar en við þurfum að vera við öllu búin og gætum þurft að finna nýtt húsnæði með stuttum fyrirvara. Guðfinna talar um að húsnæðis kaup séu ekki vænleg eins og staðan er á markaði í dag.

Sigríður kveður sér hljóðs og talar um að mögulega gæti verið hugmynd að kaupa smáhýsi og fá að setja það einhverstaðar. Fundur þakkar fyrir góða hugmynd og ræðir þetta aðeins áfram. Þetta verður skoðað eins og annað í sambandi við húsnæðismál.

Elli spyr hvort aðrir vilji segja eitthvað og Sigríður Lára frumsýnir nýja kærastan.

Guðfinna þakkar fundarstjóra, fundarritara, kjörnefnd og framkvæmdastjóra fyrir skipulagið og öllum fyrir fyrir komuna.

Hún þakkar kærlega fyrir góðan fund, hvetur fólk til að leika meira og hafa samband ef eitthvað er og slítur fundi.

# Ársreikningur 2021



**Bandalag íslenskra leikfélaga**

**ÁRSREIKNINGUR**

---

**2021**

---

Bandalag íslenskra leikfélaga  
Kleppsmýrarvegi 8  
104 Reykjavík  
Kt.: 440169-0239



# **Bandalag íslenskra leikfélaga**

## **ÁRSREIKNINGUR**

---

**2021**

### **Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

---

## Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2021 með áritun sinni

Reykjavík, 27. maí 2022

Stjórn:

Guðlaugur Björnsson  
Jónkeidur Isleifsdóttir  
Guðrún Guðnadóttir  
Ólaf A. Þorðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Andri Sjávarsson

## Áritun Bókhalds og kennslu ehf


---

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir nr. 1-7

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 18-05-2022  
  
Bókhald og kennsla ehf  
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókari

---

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2021 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík,

21/5 2022

  
Dyrleif Jónsdóttir

  
Oddfreyja H. Oddfreysdóttir



## Rekstrarreikningur ársins 2021

Rekstrartekjur	skýr	2021	2020
<b>Árgjöld, styrkir og fleira:</b>			
Árgjöld aðildarféлага		2.420.309	2.256.000
Ríkissjóðsstyrkur		17.642.130	6.500.000
Aðrir styrkir		67.500	3.250.000
Leiklistarskóli BÍL	1	5.558.000	665.000
www.leiklist.is	2	60.300	26.000
Aðrar tekjur	3	3.021.945	411.111
	<b>Samtals</b>	<u>28.770.184</u>	<u>13.108.111</u>
<b>Sala:</b>			
Sala á farða		2.543.348	1.518.939
Sala á handritum		438.092	0
Sala á bókum		9.078	0
	<b>Samtals</b>	<u>2.990.518</u>	<u>1.518.939</u>
	<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<u>31.760.702</u>	<u>14.627.050</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Kostnaðarverð seldra vara og fleira:</b>			
Farði		1.574.597	551.054
Handrit		0	287.796
Birgðabreyting		-169.511	-99.356
Afskrifaðar ónýttar vörur		0	0
	<b>Samtals</b>	<u>1.405.086</u>	<u>739.494</u>
Laun og launat. gjöld	4	11.630.991	9.555.588
Ýmis rekstrarkostnaður	5	2.764.792	1.642.500
Húsaleiga		1.317.242	1.264.047
Leiklistarskóli BÍL	1	5.159.063	25.000
www.leiklist.is	2	326.491	565.064
Vaxtagjöld flutt		0	11.257
	<b>Samtals</b>	<u>21.198.579</u>	<u>13.063.456</u>
	<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<u>22.603.665</u>	<u>13.802.950</u>
<b>Fjármagnsgjöld og tekjur</b>			
Vaxtatekjur - fjarm.tsk		39.693	0
Vaxtagjöld		-17.990	0
	<b>Samtals</b>	<u>21.703</u>	<u>0</u>
	<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS</b>	<u>9.178.740</u>	<u>824.100</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

---

Eignir	skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	6	2.343.617	2.174.106
Viðskiptakröfur og aðrar skammtimakröfur		699.749	32.596
Handbært fé	7	11.929.700	329.342
	<b>Samtals</b>	<u>14.973.066</u>	<u>2.536.044</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>14.973.066</u>	<u>2.536.044</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

---

<b>Eigið fé og skuldir</b>	skýr	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll 1.1.		1.095.035	270.935
Rekstrarhagnaður (tap)		9.178.740	824.100
<b>Eigið fé alls</b>		<u>10.273.775</u>	<u>1.095.035</u>
<b>Skuldir</b>			
Ýmsir lánadrottnar		1.170.703	180.080
Fyrirfram innheimtar tekjur		3.000.000	1.175.291
Ógreiddur virðisaukaskattur		51.684	22.668
Ógreidd laun og launatengd gjöld		476.904	62.970
<b>Samtals</b>		<u>4.699.291</u>	<u>1.441.009</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>14.973.066</u>	<u>2.536.044</u>

## Sundurliðanir

	2021	2020
<b>1. Leiklistarskóli BÍL</b>		
<b>Tekjur</b>		
Reykjaskóli - Þátttökugjöld nemenda	5.558.000	665.000
<b>Samtals</b>	<b>5.558.000</b>	<b>665.000</b>
<b>Gjöld</b>		
Reykjaskóli/Leiklistarskóli	5.159.063	25.000
<b>Samtals</b>	<b>5.159.063</b>	<b>25.000</b>
<b>2. www.leiklist.is</b>		
<b>Tekjur</b>		
Skráningargjöld	30.300	16.000
Gagnrýnissjóður	30.000	10.000
<b>Samtals</b>	<b>60.300</b>	<b>26.000</b>
<b>Gjöld</b>		
Dropbox vefafritun	0	0
Leiklistarvefurinn	296.491	265.064
Viðhald og endurbætur	0	300.000
Gagnrýnissjóður	30.000	0
<b>Samtals</b>	<b>326.491</b>	<b>565.064</b>
<b>3. Aðrar tekjur</b>		
Vimeo árgjald	0	122.500
Vaxtatekjur	0	15.163
Höfunda- & þýðendalaun	2.613.372	273.448
Endurgreitt frá VMST	408.573	0
Ýmsar tekjur	0	0
<b>Samtals</b>	<b>3.021.945</b>	<b>411.111</b>
<b>4. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun starfsfólks	8.132.113	6.637.756
Lífeyrissjóðsgjöld	1.100.534	896.095
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	187.792	33.536
Tryggingagjald	563.192	478.401
Dagpeningar	1.647.360	1.509.800
<b>Samtals</b>	<b>11.630.991</b>	<b>9.555.588</b>



## Sundurliðanir, framhald

	2021	2020
<b>5. Ýmis rekstrarkostnaður</b>		
Höfundalaun	1.116.028	0
Ræsting	107.000	85.392
Viðhald húsnæðis	8.169	16.795
Vátryggingar	126.057	116.806
Burðargjöld	98.047	0
Símakostnaður	332.523	350.073
Ritföng	8.394	6.004
Þjónustugjöld fjármálastofnana	80.665	157.469
Rekstur tölvukerfis	0	216.011
Kaffi og hreinlætisvörur	38.123	20.485
Kynningarstarf og auglýsingar	7.383	10.179
Stjórnarfundir	46.095	1.652
Aðalfundur BÍL	73.870	50.544
Félagsgjald IATA	77.250	74.504
Vöktun húsnæðis	127.599	194.728
Hugbúnaðarleiga, Regla/Netbokhald	167.887	118.213
Ársuppgjör og bókhaldsþjónusta	278.454	160.146
Gjafir og styrkir	22.713	42.416
Smááhöld á skrifstofu	48.535	21.083
<b>Samtals</b>	<b>2.764.792</b>	<b>1.642.500</b>
<b>6. Birgðir</b>		
Birgðir greinast þannig :		
Saga BÍL, bókabirgðir	0	14.785
Farði	2.343.617	2.159.321
	<b>2.343.617</b>	<b>2.174.106</b>
<b>7. Handbært fé</b>		
Innstæður á bankareikningum	11.839.375	290.580
Sjóður - peningakassi	90.325	38.762
	<b>11.929.700</b>	<b>329.342</b>

## Reikningur Iban

0358-22-00C IS54 0358 2200 0018 4401 6902 39

Dagsetning	Upphæð	Staða	Mynt	Skýring	Seðil Til
31.12.2021	-8.111,00	10.181.037,00	ISK	Fjármagnstekjuskattur	
31.12.2021	36.868,00	10.189.148,00	ISK	Innvextir	

## Reikningur Iban

0334-26-00S IS75 0334 2600 5463 4401 6902 39

Dagsetning	Upphæð	Staða	Mynt	Skýring	Seðil Til
31.12.2021	-292,00	1.367.126,00	ISK	Fjármagnstekjuskattur	
31.12.2021	1.326,00	1.367.418,00	ISK	Innvextir	
31.12.2021	-114,00	1.366.092,00	ISK	Færslugjöld	
31.12.2021	-155.760,00	1.366.206,00	ISK	Lífeyrissjóður verzlunarmarkaðs	0101 431
31.12.2021	-57.236,00	1.521.966,00	ISK	Almennir lífeyrissjóðir	6203 441

## Reikningur Iban

0301-13-304 IS25 0301 1330 4003 4401 6902 39

Dagsetning	Upphæð	Staða	Mynt	Skýring	Seðil Til
31.12.2021	-32,00	290.920,00	ISK	Fjármagnstekjuskattur	
31.12.2021	145,00	290.952,00	ISK	Innvextir	

## ALLT FYRIR ANDANN

### Sameiningarsöngur áhugaleikara

Það mælti mín móðir  
Að mér skyldi kaupa  
Fleyg af fegursta víni  
En lát'eins og leikstjórinn  
- lítið mig staupa'  
En ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn  
Og bévitans sárin  
Í maganum, hvað ég er kvalinn  
Og gómana gleypiti'  
En ég gat gegnum tárin  
Brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son  
Ég er ykkar systkin, það er engin von  
Í heiminum fyrir handan  
Bandalagið  
Sem elding leiftri inni mér  
Mitt annað heimili er hér  
Er allt fyrir andann  
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn  
Við vandlega stöndum  
Um menningararfinn okkar  
Af hugsjónahita  
Á hrollköldum ströndum  
Íslands - því leikhúsið lokkar

Sá grátur, sú gleði  
Sá galdur að skapa  
Fegurð oft furðu vekur  
En ef ég er álitinn  
Ærunni tapa  
Að að leika er ljóst ég er sekur

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son...

Sigurlagið í samkeppni um besta  
sameiningarsönginn sem haldin var á  
Selfossi 1997

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og  
Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson



## Menningarstefna Bandalags Íslenskra leikfélaga

*Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag Íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því að:*

- stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- stuðla að því að börn og ungingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.



# Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

## 1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

## 2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Apjódlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

## 3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi. Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan. 8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

## 4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélög greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldldagi árgjalda er 1. september.

## 5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

## 6. grein

- a. Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Ef knýjandi aðstæður eru fyrir hendi er stjórn BÍL heimilt að opna fyrir rafræna þátttöku félaga á aðalfundi. Kjörbréf er útfyllt á til þess gerðu formi á Leiklistarvefnum sem tiltækt er innskráðum félögum. Kjörbréfið skal vera tiltækt félögum á vefnum eigi síðar en 4 vikum fyrir aðalfund. Móttaka kjörbréfs er staðfest af Þjónustumiðstöð með tölvupósti til formanns og a.m.k. eins annars stjórnarmanns.
- b. Verkefni aðalfundar skulu vera:
1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmati fundarins kannað.
  2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
  3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
  4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
  5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
  6. Skýrsla stjórnar.
  7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
  8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
  9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
  10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
  11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
  12. Lagabreytingar.
  13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
  14. Starfsáætlun afgreidd.
  15. Stjórnarkjör.
  16.
    - a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
    - b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
  17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
  18. Önnur mál
  19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.
- c. Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.
- d. Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.
- e. Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

## 7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki

atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmeður ef minnst þrjú aðalmenn mæta.

## 8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

## 9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

## 10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

## 11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

## 12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

## 13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í í ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

## 14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

## 15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi

félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

## 16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

## 17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

## 18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

## 19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4 - 6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Reykjanesbæ 1. maí 2021.




# Um BÍL

Bandalag íslenskra leikfélaga er samtök áhugaleikfélaga á Íslandi, stofnuð árið 1950.

Í samtökunum eru á fimmta tug leikfélaga sem starfa vítt og breitt um landið. Fjöldi einstaklinga í félögunum er u.þ.b. 3-4 þúsund.

Bandalagið rekur einu þjónustumiðstöð leiklistarinnar hérlandis að Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík.

Þjónustumiðstöðin þjónar ekki einungis áhugaleikfélögum, heldur öllum þeim sem starfa að málefnum leiklistar á landinu.




Í Þjónustumiðstöð BÍL er Leikhúsbúðin þar sem seldar eru förðunarvörur og leikhúsvörur af ýmsu tagi.



Í Þjónustumiðstöðinni er einnig að finna stærsta leikritasafn landsins. Starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar aðstoðar við útvegum sýningarleyfa og sér um innheimtu höfundargreiðslna, auk þess að veita ráðgjöf um ýmislegt sem við kemur leiklist.



Bandalagið starfrækir Leiklistarskóla BÍL sem starfar á hverju sumri og býður námskeið í leik, leikstjórn, leikritun, sviðs- og búningahönnun og ýmsu fleira.



BÍL heldur úti Leiklistarvefnum, [www.leiklist.is](http://www.leiklist.is) þar sem leiklistin á víðum grundvelli er þjónustuð.



# Svipmyndir úr sýningum leikársins























































